



Ársskýrsla Menntaskólans við Hamrahlíð 2017



September 2018

Inngangur

Ársskýrsla skóla er meðal þeirra atriða sem áskilin eru af hálfu ráðuneytis í skólasamningi. Hún er ekki formbundin að öðru leyti en því að svokallur prófíll sem fylgir henni lýtur sniðmáti sem ráðuneytið leggur til. Skýrslunni, sem er fremur knöpp, er því alls ekki ætlað að vera ítarlegt yfirlit um starfsemi skólans á árinu heldur er hér stiklað á fáeinum atriðum og að nokkru vísað til hinnar árlegu sjálfsmatsskýrslu um frekari upplýsingar.

Umbótaáætlun 2017

- ❖ Stefnt er að því að allar brautir nýrrar námskrár verði komnar af stað í umsagnar- og staðfestingarferli á árinu 2017 og staðfestar fyrir lok þess árs. Ábyrgð: Áfangastjóri, haust 2017.
- ❖ Að efla starfendarannsóknir og sjálfsskoðun kennara (t.d. sjálfsmat / jafningjamat) og að slíkt verði þáttur í allri starfsemi frá hausti 2018. Ábyrgð: Konrektor, haust 2018.
- ❖ Að nýtingarhlutfall dagskóla verði a.m.k. 95% á hverri önn (átt er við hlutfall heildareininga til prófs/námsmats hjá nemendum á móti skráðum einingum). Ábyrgð: Rektor.
- ❖ Að reka skólann innan fjárheimilda og að eiga að jafnaði 1-2% rekstrarafgang til þess að geta betur mætt tímabundnum áföllum sem upp kunna að koma. Ábyrgð: Rektor.
- ❖ Að viðhalda fjárveitingu fyrir sálfræðingi sem starfar að staðaldri við skólann til þess að sporna gegn brotthvarfi og auknum kvíða meðal nemenda. Ábyrgð: Rektor, haust 2018.
- ❖ Að skólinn viðhaldi Grænfánavottun. Ábyrgð: Verkefnastjóri Grænfánans, vor 2018.
- ❖ Vinna áfram að umbótum á móttöku nýnema svo aðlögun þeirra að nýjum skóla gangi vel fyrir sig. Auka enn frekar samstarf og upplýsingagjöf til forráðamanna ólöggráða nemenda. Ábyrgð: Konrektor, haust 2017.
- ❖ Að útrýma busavígslu og niðurlægjandi hegðun í garð nýnema. Ábyrgð: Konrektor, haust 2017.
- ❖ Kanna áfram fylgni grunnskólaeinkunna í íslensku og stærðfræði og gengi nýnema í þessum fögum. Ábyrgð: Konrektor, haust 2017.

Nemendatölur

Fjöldi nemenda var í byrjun vorannar rúmlega 1100, þar af voru 64 nýnnritaður. Á haustönn var heildarfjöldinn rúmlega 1200, þar af 287 nýnemar (10. bekingar). Alls voru brautskráðir 342 stúdentar á árinu, 159 í maí og 183 í desember. Brautskráningin í desember var sú fjölmennasta í sögu skólans á haustönn. Um vorið brautskráðust enn fremur 4 nemendur með framhaldsskólapróf eftir fjögurra ára nám á sérnámsbraut skólans. Flestir nemendur voru brautskráðir af opinni braut eða 122 og 108 af náttúrufræðibraut. Meðalfjöldi eininga sem útskriftarnemendur luku var 226 einingar. Alls voru nemendur brautskráðir af 9 brautum. Þá er til að taka að fáeinir tugir nemenda úr öðrum framhaldsskólum sækja nám í norsku og sænsku í MH eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur. Einnig hafa nemendur úr öðrum skólum fengið að stunda nám í japönsku og kínversku við MH þar sem fáir skólar kenna þau tungumál. Nokkrir nemendur hurfu frá námi án þess að ljúka viðkomandi önn og einnig er eitthvað um að nemendur skrái sig úr einstökum áföngum inni á miðri önn. Í heildina var hlutfall eininga sem nemendur gengu til prófs í af skráðum einingum við upphaf annar rúm 93% þ.e. tæp 7% afföll en þar af má ætla að nær helmingurinn sé vegna þeirra sem hætta alveg. Ítarlegri nemendatölfræði er að finna í sjálfsmatsskýrslu skólans sem er aðgengileg inn á www.mh.is

Breyttar námsbrautir

Stúdensbrautir skólans eru 215 einingar og eru sex að meðtöldum listdansbraut og tónlistarbraut. Þeir nemendur sem uppfylla einkunnaskilyrði fyrir sérstakar hraðferðir fyrstu annar brautskrást með allt niður í 206 einingar. Allir nemendur MH hafa verið færðir inn á nýju stúdensbrautirnar og lauk þeirri aðgerð 2016. Síðasta brautskráningin af eldri námsbrautum fór fram á vorönn 2017.

Listdans

Skólinn hefur verið með þjónustusamninga við fjóra listdansskóla; Dansmennt ehf, Klassíka listdansskólann, Dansrækt JSB ehf. og Brynballett akademíu ehf. Skólinn ber ábyrgð á innskráningu áfanga og einkunna nemenda allra dansskólanna sem stunda nám við flesta skóla höfuðborgarsvæðisins. Nemendur sem hafa verið brautskráðir af listdansbraut MH ljúka að jafnaði fleiri einingum til stúdensprófs en nemendur hefðbundnu stúdensbrautanna. Á árinu 2017 var einingafjöldinn að meðaltali 254 einingar sem eru 39 einingar umfram lágmarksfjölda eininga sem þarf til að útskrifast.

Stöðumat í stað stöðuprófa

Skólinn hefur boðið nemendum upp á stöðumat í fjölmörgum tungumálum, m.a. spænsku, ensku, dönsku, þýsku, ítölsku, frönsku, hollensku, víetnömsku, persnesku, pólsku, o.fl. Vandasamt er að finna matsmann/kennara í sumum þessara tungumála en nokkur vinna hefur fallið á starfsfólk skólans vegna þessa. Nemendur eru ánægðir með þessa þjónustu og hefur skipulag stöðumats verið inn á borði námstjóra tungumála.

Kennsla og stjórnun

Fjöldi þeirra sem önnuðust kennslu voru 87, langflestir í fullu starfi. Vikulegur kennslustundafjöldi í dagskóla var í námunda við 1800. Yfirstjórn skólans mynda rektor, konrektor og áfangastjóri ásamt fjármálastjóra. Námsgreinar og tilheyrandi kennarar skiptast í þrjár deildir sem eru deild erlendra tungumála, deild samfélagsfræða (félagsfræðagreinar, íslenska og saga) og deild náttúrufræða (raungreinar, íþróttir og stærðfræði). Forsvarsmenn þessara deilda kallast námstjórar og eru þeir í 50% starfi við stjórnun. Aðrir millistjórnendur (í hlutastörfum sem slíkir) á kennslusviði eru IB- stallari og umsjónarmaður sérnámsbrautar. Almenna afgreiðslu á skrifstofu og bókhaldsstörf annast tveir starfsmenn í samtals 1½ stöðugildi, námsráðgjafar eru þrír í samtals 2,6 stöðugildum, sálfræðingur í

0,75 stöðugildi og bókasafnsfræðingar eru tveir í 1,8 stöðugildum. Þrír starfsmenn annast umsjón húss-, tölvu- og tæknimál og matráður sér um mötuneyti starfsfólks. Ellefu manns vinna við ræstingar í u.þ.b. 7 stöðugildum.

Umhverfismál

Ötullega var unnið að umhverfismálum út frá nokkurra ára markmiði um að MH yrði með tímanum Grænfánaskóli. Sá árangur hefur verið staðfestur af Landvernd, eftir allítarlega úttekt af hálfu fulltrúa frá þeirra, kveðið upp úr með að skólinn hefði unnið til þessarar alþjóðlegu umhverfisviðurkenningar í fyrsta skipti. Stefnt er á að halda þessu góða starfi áfram og að skólinn verði varanlega umhverfislega grænfánaskóli. Skólinn hélt áfram að færa grænt bókhald á árinu í samræmi við reglugerð þar um og viðmið um vistvæn innkaup og grænt bókhald sem Umhverfisstofnun gefur út.

Ytri úttekt

Skólinn gekk í gegnum ytri úttekt en framkvæmdin var í höndum Gát sf. Skýrsla úttektaraðila var gefin út snemma árs 2017 og var niðurstaða úttektarinnar jákvæð fyrir skólann. Á meðal styrkleika er gott umhverfi sem er búið nemendum, þ.e. í námi og aðstöðu. Skólinn býður upp á fjölbreytt val, þykir hafa góðan skólabrag, félagslíf nemenda er fjölbreytt og metnaðarfullt og vel gengur að uppfylla þau markmið sem koma fram í skólasamningi. Ennfremur segir að brautskráningarhlutfall er hátt, aðsókn er góð í skólann og nemendahópurinn er fjölbreyttur.

Tækifæri til umbóta fela m.a. í sér að skólinn skilgreini námsmatsstefnu, auki formlega endurgjöf til kennara, hugi að stefnumótun er varðar tölvubúnað, afli upplýsinga um gengi brautskráðra nemenda, o.fl. Skólinn hefur brugðist við athugasemdum og sent umbótaáætlun á ráðuneyti mennta- og menningarmála auk Menntamálastofnunar.

Fjármál

Heildarútgjöld skólans á árinu 2017 voru 1.407,6 millj. kr. sem var 42,6 millj. kr. minna en nam tekjum eins og þær birtast í uppgjöri ársins. Því batnaði rekstrarstaða skólans á árinu sem nemur þessari fjárhæð, þ.e. staðan í árslok breyttist úr 600 þús. kr. í 43,2 millj. kr. Í rekstraráætlun fyrir 2018 er gert ráð fyrir 1,5 millj. kr. rekstrarafgangi.

Annað atriði sem tekur verulega í hjá skólanum þessi árin er hve margir kennarar hafa náð sextugsaldri og njóta þar af leiðandi hámarkskenntuafsláttar. Það sem af er öldinni hefur fjöldi þessara kennara farið úr 7 í rúmlega 30 og er síðarnefnda talan langt yfir því sem nemur meðalhlutfalli framhaldsskólakennara á þessum aldri en reiknilíkan ráðuneytisins fyrir fjárveitingar til einstakra framhaldsskóla er án þessarar breytu.

Samstarf út á við

Sem fyrr hefur skólinn samvinnu við Dansmennt ehf., Danslistarskóla JSB, Klassíska listdanskólann og Brynballett akademían ehf. í Reykjanesbæ vegna listdansnáms. Þjónustusamningur við hvern og einn skóla kveðjur á um að MH kaupi kennslu í sérgreinum miðað við tiltekinn nemendafjölda að hámarki en samtals er um að ræða tæplega 80 ársnemendur í skólunum fjórum. Skólinn gerði einnig samstarfssamning við Menntaskóla í tónlist (MÍT) þar sem nemendur þeirra taka bóklegan hluta námsins í MH. Á haustönn 2017 voru rúmlega 20 nemendur sem stunduðu nám í MÍT og MH. Þá á skólinn í viðvarandi samstarfi við Agnebergsgymnasiet í Uddevalla í Svíþjóð um gagnkvæm nemendaskipti vegna sænskukennslu og nýtur verkefnið styrks ár hvert frá sænska sendiráðinu. Samstarf við Kofúsíusarstofnunina Norðurljós við Háskóla Íslands um kínverskukennslu hefur staðið frá árinu 2011 og gengur út á að stofnunin leggur skólanum til kínverskukennara gegn endurgjaldi sem fer eftir

nemendafjölda. Það gerir kleift að halda úti kínverskukennslu í MH þótt um fáa nemendur sé að ræða.

Ennfremur er samvinna við nokkra grunnskóla (Hlíðaskóla, Austurbæjarskóla, Hagaskóla og Ingunnarskóla) um að nemendur þeirra taki byrjunaráfanga í MH sem valgrein í 10. bekk, einkum í stærðfræði og ensku. Grunnskólarnir sjá alfarið um kennsluna og nemendurnir taka próf í viðkomandi áfanga MH á prófatíma í maí. Þá var sem fyrr Grænfánaverkefnið unnið í samstarfi við Landvernd.

MH, 4. september 2018

Steinn Jóhannsson
rektor

„Prófill“

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna: MH er skóli með rúmlega 1200 nemendur og liðlega 120 starfsmönnum í 10.000 fermetra húsnæði. Áætlaðir ársnemendur samkvæmt fjárlögum 2017 voru 1118.

Námsframboð: Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Starfræktar eru eftirfarandi brautir við skólann skv. aðalnámskrá framhaldsskóla: Félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðabraut, opin braut, listdansbraut og tónlistarbraut til stúdentsprófs. Samkvæmt sérstakri námskrá International Baccalaureate Organisation og heimild menntamálaráðherra frá 1997: IB-námsbraut, þ.e. nám til samræmds alþjóðlegs stúdentsprófs. Þá er starfsbraut /sérnámsbraut við skólann með vísan framhaldsskólalaga og laga um málefni fatlaðra.

Framkvæmd markmiða: Markmiðin sem fram koma í viðauka við skólasamnings og hafa sum náðst að fullu en önnur voru áfram í deiglu svo sem innleiðing á aðalnámskrá 2011. Skólinn hefur verið rekinn innan fjárheimilda. Að öðru leyti má vísa til tímabundinna (deili)markmiða og framgangs þeirra í sjálfsmatsskýrslu ársins.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat: Í sjálfsmatsskýrslu 2016 var sett fram umbótaáætlun fyrir 2017. Unnið var að öllum umbótamarkmiðunum og miðaði í rétta átt í öllum tilvikum en sum þeirra náðust aðeins að hluta. Til að mynda batnaði nýtingarhlutfall batnaði frá fyrra ári en er engu að síður undir settu markmiði. Tekist hefur að útrýma busavígslu og niðurlægjandi hegðun í garð nýnema og ríkir mikil ánægja með nýtt fyrirkomulag.

Úttektir: Skólinn fékk niðurstöður ytri úttektar í hendurnar snemma árs 2017. Niðurstaðan reyndist jákvæð og athugasemdir minniháttar. Skýrsla úttektaraðila er aðgengileg á heimasíðu Menntamálastofnunar.

Afkoma, rekstrarstaða: Heildarútgjöld árið 2017 voru xxxmillj. kr sem var xxx millj. kr. yfir tekjum. Uppsafnaður rekstrarafgangur 2017 var xx millj. kr.

Brottfall: Mismunur á skráðum heildareiningafjölda nemenda í annarbyrjun og þeim einingafjölda sem lokið var nam tæp 7% á árinu. Nær helming þessa mismunar má rekja til nemenda sem hætta í skólanum á miðri önn.

Stjórnun: Auk skólameistara Lárusar H. Bjarnasonar er aðstoðarskólameistari Sigurborg Matthíasdóttir sem lét af störfum 31. júlí og við starfinu tók Steinn Jóhannsson, áfangastjóri Guðlaugur Pálmi Magnússon sem fór í leyfi á haustönn og Helga Jóhannsdóttir leysti hann af, fjármálastjóri Signý Marta Böðvarsdóttir, þrír námstjórar, deildarstjóri IB náms og deildarstjóri sérnámsbrautar.

Samvinna við aðra:

Samstarfsskólar varðandi listdans eru Dansmennt ehf., Danslistarskóli JSB, Klassíski listdansskólinn og Brynballett akademía ehf, varðandi sænskukennslu Agnebergsgymnasiet Uddevalla í Svíþjóð, varðandi kínverskukennslu Konfúsíusarstofnunar Norðurljós við HÍ, varðandi framhaldsskólaáfanga grunnskólanema Hlíðaskóli, Austurbæjarskóli, Hagaskóli og Ingunnarskóli, Menntaskóli í tónlist og varðandi grænfánaverkefnið Landvernd.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans: Undirbúningur fyrir háskólanám, ríkulegt val nemenda, umsjón með norsku- og sænskukennslu á framhaldsskólastigi, alþjóðleg námsbraut, kjarnaskóli í listdansi, Hamrahlíðarkórinn.